I. Til utanríkisráðherra um reglur um ferðir varnarliðsmanna.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hvernig hljóðar samkomulag það, sem utanríkisráðherra tilkynnti 26. maí síðastliðinn að gert hefði verið milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og yfirmanns ameríska „varnarliðsins“, „um á hvern hátt ferðir varnarliðsmanna út af samningssvæðum og ferðir Íslendinga inn á samningssvæði skuli takmarkaðar eftirleiðis“?

II. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að stemma stigu við mæðiveiki.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve víða er talið, að mæðiveiki hafi komið upp að nýju eftir fjárskipti?
2. Hvaða ráðstafanir hyggjast ríkisstjórn og sauðfjársjúkdómanefnd gera til að stemma stigu við veikinni?